

# Lífsleikni 5. - 7. bekkur

---

Kennarar: Guðrún Ásta Tryggvadóttir; Svava Lárusdóttir

5, 6, 7

## Tímabil:

Allt skólaárið.

## Fjöldi kennslustunda á viku

1 kennslustund á viku

## Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið

Um það bil 31 kennslustund yfir skólaárið.

## Efni /Þema sem tekið er fyrir.

Uppeldi til ábyrgðar - Olweusaráætlunin gegn einelti – samskipti – bekkjarbragur- sjálfsmynd

## Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð/færni)

Að nemendur:

- geri sér grein fyrir eigin hlutverki og hlutverki annarra
- læri að þekkja þarfirnar samkvæmt UTÁ og þarfagreini sig
- þekki reglur Olweusaráætlunarinnar gegn einelti ☐
- öðlist aukinn skilning á sjálfum sér og þeim gildum sem þeim finnst mikilvæg ☐
- efli og styrki sjálfsmynd sína ☐
- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ☐
- þjálfist í að vera læsir á eigin tilfinningar og annarra ☐
- læri ýmsar gagnlegar aðferðir í samskiptum ☐
- geri sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum og í hverju borgaravitund felst ☐
- geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í tengslum við umhverfismál og umhverfisvernd

## Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Nemendur geti farið eftir fundarsköpum. Stefnt að því að styrkja á skapandi hátt áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og

sjálfsmynd nemenda þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim þeirra.

### **Reynsluheimur**

Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.

### **Hugarheimur**

Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

### **Félagsheimur**

Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

## **Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)**

Nemendur tileinka sér vönduð vinnubrögð og vinnusemi í kennslustundum og virði skoðanir annarra.

## **Kennsluaðferðir**

Innlifunaraðferðir (t.d. hlutverkaleikir), spurnaraðferðir, umræðuaðferðir (t.d. bekkjarfundir).

## **Námsmat**

Sjálfsmat.

## **Læsi**

Nemendur læra að lesa í eigin tilfinningar.

## **Sköpun**

Nemendur útbúa sjálfsmynd af sér.

## **Lýðræði - Mannréttindi**

Allir hafa rétt til að tjá sig á bekkjarfundum.

## **Jafnrétti**

Skoðanir allra eru virtar.

## **Heilbrigði og velferð**

Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp. Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi.

## **Sjálfbærni**

Nemendur temji sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar, náttúru og fólks.

## **Tjáning**

Nemendur tjá sig á bekkjarfundum.

## **Hlustun**

Nemendur hlusta á aðra á bekkjarfundum.

## **Miðlun upplýsinga og þekkingar**

Nemendur miðla af eigin reynslu á bekkjarfundum.

## **Skapandi úrvinnsla**

Nemendur útbúa kynningu á sér "Ég er einstakur/einstök". Frjáls aðferð, skapandi útfærsla.

## **Sjálfstæði**

Nemendur læra að standa með sjálfum sér, t.d. á bekkjarfundum.

## **Samvinna**

Nemendur læra um gildi góðra samskipta.

## **Nýting miðla og upplýsinga**

Embætti landlæknis, Menntamálastofnun, fræðslumyndir og fleira.

## **Ábyrgð á eigin námi**

Nemendur halda utan um eign nám.

## **Seigla/ úthald**

Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta.

**Mat á eigin námi**

Sjálfsmat.

### Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.
- Séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.

### Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.

### Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Félagshæfni - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
- Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.

- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.